

**REGLUGERÐ**  
**um breytingu á reglugerð nr. 888/2010 um loðnuveiðar**  
**íslenskra skípa á vetrarvertíð 2011.**

## 1. gr.

1. mgr. 4. gr. orðast svo:

Aðeins er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línunum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

- |                           |                            |
|---------------------------|----------------------------|
| 1. 67° 11' N – 014° 30' V | 7. 66° 15' N – 012° 00' V  |
| 2. 68° 00' N – 014° 30' V | 8. 66° 12' N – 012° 22' V  |
| 3. 68° 00' N – 008° 30' V | 9. 66° 40' N – 012° 40' V  |
| 4. 65° 15' N – 008° 30' V | 10. 66° 47' N – 013° 00' V |
| 5. 65° 15' N – 011° 20' V | 11. 66° 52' N – 013° 08' V |
| 6. 66° 05' N – 011° 30' V | 12. 67° 11' N – 014° 30' V |

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 13. janúar 2011.*

F. h. r.

**Jóhann Guðmundsson.**

---

*Hrefna Karlsdóttir.*